

6. gr.

Reikningshald sjóðsins hefir sýslumaður Kjósarsýslu á hendi, og yfirskoða meðstjórnendur sjóðsins reikninginn árlega. Hann sje saminn fyrir 1. febrúar ár hvert, og síðan birtur í B-deild Stjórnartíðindanna.

11

22. febr.

7. gr.

Skipulagsskrá þessi öðlist konunglega staðfestingu.

Reglugjörð

fyrir útbú Landsbankans á Selfossi.

12

9. mars

1. gr.

Samkvæmt lögum um stofnun Landsbanka 18. sept. 1885, 9. gr. er sett á stofn útbú frá Landsbankanum í Árnessýslu á Selfossi.

2. gr.

Stjórn og framkvæmd á störfum útbúsins hafa á hendi 2 menn, sem stjórn Landsbankans skipar, með 6 mánaða uppsagnarfresti, og eru þeir bókarí og fjehirðir útbúsins. Hún ákveður hvor þeirra skuli jafnframt vera framkvæmdarstjóri. Undirskrift þeirra beggja þarf til þess að skuldbinda útbúið. Hún skipar og, með 6 mánaða uppsagnarfresti, eftirlitsmann, er skal hafa nákvæmt eftirlit með öllum störfum, bókum og reikningsfærslu útbúsins; stjórn þess skal hafa hann í ráðum með sjer, þegar um vandasöm mál eða stórar lánveitingar er að ræða. Honum ber að sannreyna, að minsta kosti einu sinni á hverjum ársfjórðungi, að sjóður útbúsins og öll verðskjöl þess sjeu fyrir hendi.

3. gr.

Stjórn Landsbankans er yfirstjórn útbúsins og gefur hún starfsmönnum þess nákvæmar starfsreglur, sem þeim skal skylt að fara eftir í öllum greinum. Skal stjórn útbúsins láta stjórn Landsbankans í tje, eða manni, sem hún kann að setja fyrir sína hönd, allar þær skýrslur og upplýsingar, rekstri útbúsins viðkomandi, er heimtaðar verða.

4. gr.

Allan kostnað við rekstur útbúsins greiðir Landsbankinn og tekur tekjur þær, er útbúið fær.

5. gr.

Stjórn útbúsins ákveður, með samþykki stjórnar Landsbankans, vinnutíma þess, og skal annast um, að almenningi verði birt, hvenær það er opið til afgreiðslu; skulu þá bókarí og fjehirðir jafnan vera báðir viðstaðdir,

12

9. mars

Útbúið skal hafa tvær peningahirslur. Aðalhirslan skal vera svo gjör, að henni verði ekki lokið upp nema með tveim lykllum, sem ekki eru eins. Hefir bókarí annan lykílinn að henni en fjehirðir hinn. Þegar eitthvað er tekið út úr aðalhirslunni, skal rita það í bók og fjehirðir kvitta fyrir, en bókarí kvitta fyrir þá er í hana er látið.

7. gr.

Fjehirði skal fengin önnur fjárhirsla, er hann geymir í það fje, sem hann hefir til daglegra þarfa útbúsins, og hefir hann einn lykíana að henni. Að jafnaði skal eigi geyma í henni meira fje en 5000 kr.

8. gr.

Öll áriðandi skjöl og bækur skulu bókarí og fjehirðir láta inn í eldtrygga skápa, þegar störfum er lokið dag hvern.

9. gr.

Bókarí og fjehirðir útkljá í sameiningu þau mál, sem varða útbúið; greini þá á, skal eftirlitsmaðurinn kvaddur til; og ræður þá úrslitum atkvæði framkvæmdastjóra, ef eftirlitsmaðurinn veitir því samþykki sitt. En þá skal þegar tilkynna stjórn Landsbankans úrslitin og málavexti.

10. gr.

Starfsmenn útbúsins skulu vinna stjórn Landsbankans eið að því, að þeir með árvekni og samviskusemi skuli gegna störfum þeim, sem þeim eru falið, og ekki gjöra neinum óviðkomandi kunnugt um málefni útbúsins, nje segja frá viðskiftum einstakra manna við það.

11. gr.

Útbúið veitir bráðabirgðalán gegn trygging í fasteign með fyrsta veðijetti; þó má í einstökum tilfellum veita lán gegn öðrum veðijetti, ef sjerstakar ástæður mæla með því, þó svo að lánsupphæðin með fyrsta og öðrum veðijetti til samans fari eigi fram úr helmingi virðingarverðs.

12. gr.

Til þess að geta fengið lán úr útbúinu gegn fasteignarveði, þurfa öll hin sömu skjöl og skilríki, sem tilgreind eru í 12. gr. endurskoðaðrar reglugjörðar fyrir Landsbankann 18. október 1911.

13. gr.

Útbúið lánar fje gegn sjálfskuldarábyrgð tveggja eða fleiri manna, er stjórn þess álitur fullnægjandi; þó skal leitað samþykkis stjórnar Landsbankans, þegar um stórlán er að ræða.

14. gr.

Útbúið lánar fje gegn handveði, svo sem arðberandi verðbrj fum og öðrum slíkum verðskjöllum, er stjórn þess tekur gild. Veita má og lán gegn váttrygðum verslunarvörum, sem eru geymdar undir lás og innsigli útbúsins.

12
9. mars

15. gr.

Útbúið veitið lán gegn ábyrgð sveita- og bæjarfélaga, þegar þau skilríki eru fyrir hendi, sem tekin eru fram í 15. gr. endurskoðaðrar reglugjörðar Landsbankans, þó skal stjórn Landsbankans í hvert sinn hafa veitt samþykki til lánveitingarinnar.

16. gr.

Útbúið kaupir og selur víxla og ávísanir, hvort sem greiðslustaður þeirra er hjer á landi eða erlendis, útlenda peninga og þjóðbankaseðla og auðseld arðberandi verðbrjef. Einnig tekur það að sjer innheimtu víxla og ávísana.

17. gr.

Útbúið kaupir og selur bankavaxtabrjef veðdeildarinnar, og innleysir vaxtamiða þeirra, sem fallnir eru í gjalddaga. Bankavaxtabrjef, sem dregin hafa verið út til innlausnar og eru fallin í gjalddaga, skal útbúið jafnan innleysa annaðhvort með peningum, eða ávísun á Landsbankann.

18. gr.

Eftir því sem tók eru á, skiftir útbúið seðlum Landsbankans fyrir aðra seðla og fyrir aðra gjaldgenga peninga.

19. gr.

Hver sá, er skuld á að greiða til Landsbankans, getur greitt hana til útbúsins, fær hann þá bráðabirgðarkvittun fyrir upphæðinni. Útbúið útvegar með fyrstu ferð frá Landsbankanum aðalkvittun fyrir upphæðinni.

20. gr.

Útbúið lánar ekki minni upphæðir en 50 kr., og getur heimtað alt að 1 árs vexti fyrirfram af lánum þeim, sem það veitir.

21. gr.

Útbúið lánar aldrei út á jarðarveð meira en helming virðingarverðs og út á húsvæð í kaupstöðum og verslunarstöðum eigi meira en $\frac{2}{5}$ virðingarverðs (sbr. 11. gr.)

Út á húseignir lánar útbúið því aðeins, að þær sjeu váttrygðar í íslensku ábyrgðarfélagi, eða í útlendu ábyrgðarfélagi, er stjórn Landsbankans tekur gilt og hefur umboðsmann í Reykjavík.

12

9. mars

22. gr.

Peir er vilja fá lán úr útbúinu, skulu beiðast þess brjeflega og geta þeir fengið eyðublöð undir slík brjef ókeypis hjá því. Aðeins munnlegt svar er gefið upp á slíka beiðni, og getur enginn, er synjað er um lán, heimtað að honum sje giörð grein fyrir hverjar ástæður sjeu til synjunarinnar.

23. gr.

Sjerhver skuldunautur útbúsins má greiða lán það, er hann hefir fengið, alt eða nokkurn hluta þess, áður en gjalddagi sá, er ákveðinn er í skuldabryefinu, er kominn, og fær hann þá endurgoldinn tiltölulegan hluta vaxta þeirra, er hann hefir fyrirfram greitt af upphæð þeirri, sem hann greiðir fyrir rjettan gjalddaga, en þó eigi hærri vexti en útbúið á þeim tíma greiðir af sparisjóðsinnlögum, og því aðeins, að vaxtaupphæðin nemi meiru en 3 kr.

24. gr.

Lán gegn fasteign, handveði eða sjálfskuldarábyrgð veitist eigi til lengri tíma en til eins árs í senn.

25. gr.

Hvorki stjórnendur nje aðrir starfsmenn útbúsins mega sjálfir taka lán úr útbúinu, ábyrgjast lán úr því, nje vera umboðsmenn annara við lántöku úr því.

26. gr.

Stjórn Landsbankans ákveður, hvernig hagað er bókum og rekningsfærslu útbúsins, þannig, að jafnan er auðvelt að kynna sjer fjárhag þess.

27. gr.

Útbúið tekur á móti fje í hlaupareikning, en um vexti af því fer eftir samningi við stjórn þess.

28. gr.

Sá er fje leggur í hlaupareikning, getur, ef hann óskar, fengið sjerstaka viðskiftabók, er stjórn útbúsins löggildir, og greiðir hann 1 kr. fyrir hana. Hann getur ráðstafað fje því, er hann á í hlaupareikningi, eins og hann vill, hvort heldur tekið það út sjálfur eða ávísað öðrum, þótt viðskiftabók sje eigi sýnd í hvert skifti, en færa skal greiðsluna í viðskifabókina þegar komið er með hana í útbúið í næsta skifti á eftir; skulu þá bókarí og fjehirðir rita nöfn sín við greiðsluna og er það full sönnun fyrir henni.

29. gr.

Sá sem vill hefja fje eða ávísá öðrum fje úr hlaupareikningi, án þess að viðskiftabók sje sýnd, skal nota til þess ávísanaeyðublöð, sem útbúið lætur mönnum í tje

í þessu skyni. Skyldi fram koma fölsk hlaupareikningsávisun eða framsal, ber útbúið **12** enga ábyrgð á skaða þeim, sem innstæðueigandi kann að líða við það. Hið sama gildir **9. mars** þótt handhafi viðskiftabókar fái útborgað fje úr henni án lögheimildar.

30 gr.

Í ávisunum, sem gefnar eru út á innstæðu í hlaupareikningi, verður upphæðin að vera tilgreind í tölustöfum og bókstöfum. Sje krónuupphæðin tilgreind öðruvísi með tölustöfum en með bókstöfum, er útbúið ábyrgðarlaust, hvora upphæðina sem það borgar.

31 gr.

Heimilt er hverjum að sjá hlaupareikning sinn í útbúinu, svo og umboðsmanni hans, en óviðkomandi mönnum verða eigi gefnar neinar upplýsingar um hann.

32. gr.

Útbúið tekur fje til ávöxtunar með sparisjóðskjörum, minst 1 kr. í senn. En þó er það eigi skylt til að taka á móti stórfje til ávöxtunar, þegar stjórn þess álitur það óhagnað fyrir útbúið.

33. gr.

Þegar innstæðan nemur 5 krónum, reiknast vextir af henni frá næsta degi eftir að fjeð er lagt inn, þó eigi í minni pörtum en heilum aurum. Vextir reiknast til 31. des. ár hvert, og leggjast þá þegar við höfuðstólinn. Af upphæðum, er nema 500 kr. eða þar yfir, er útbúið eigi skylt að greiða vexti, þegar upphæðir þessar standa inni skemur en 2 mánuði.

34. gr.

Af fje því sem útbúið ávaxtar með sparisjóðskjörum, verður greitt það, er menn óska eftir án uppsagnarfrests, þegar útbússtjórnin sjer sjer það fært, en heimta má að upphæðum frá 300—800 kr. sje sagt upp með viku fyrirvara og upphæðum þar yfir með 3ja mánaða fresji. Án 3ja mánaða uppsagnarfrests er útbúinu eigi skylt að borga meira en 1000 kr. á mánuði hverjum úr sömu viðskiftabók.

35. gr.

Þeim, er í fyrsta sinn leggur fje inn með sparisjóðskjörum, er fengin viðskiftabók, sem hann greiðir 25 auru fyrir. Útbússtjórnin ákveður hvort sú borgun er tekin fyrirfram eða þegar bókin er útskrifuð eða ónýtt.

Í hvert skifti sem fje er lagt inn eða tekið út úr sparisjóði skal það um leið vera ritað í viðskiftabókina. Þó má í sjerstökum tilfellum taka við fje, án þess að bókin sje sýnd, gegn kvittun bókara og gjaldkera.

Heimilt er að stofna sjerstaka deild við sparisjóðinn þar sem taka má við innlögum og ávísa á innstæðuna án þess að viðskiftabókin sje sýnd. Skulu slik innlög

12 og útborganir færast í viðskiftabókina þegar hún er næst sýnd í útbúinu. Viðskiftabæk-
9. mars ur við þá deild skulu greinilega bera með sjer, að gefa megí út ávísanir á innstæðuna.

Fyrir innlögum og útborgunum kvittar bókarí og gjaldkeri í viðskiftabókina, og er það full sönnun fyrir greiðslunni.

Það er eigi á ábyrgð útbúsins, þótt handhafi viðskiftabókar hafi eigi haft löglega heimild frá eiganda hennar til að fá útborgað fje það, er viðskiftabókin hljóðar um eða eitthvað af því. Sama gildir og um falskar ávísanir á sparisjóðsinnstæðu, ef fram kynni að koma.

Vexti skal innfæra í viðskiftabækurnar þegar þær í fyr ta skifti eftir 14. janúar ár hvert eru sýndar í útbúinu. Útbússtjórnin löggildir viðskiftabækurnar.

36. gr.

Gletist viðskiftabók, ber eiganda að snúa sjer til útbússtjórnarinnar, er annast um að handhafa hennar verði stefot samkvæmt 10. gr. bankalaga 18. september 1885. Kostnaðinn greiðir eigandi.

37. gr.

Útbússtjórninni er heimilt að segja lausu fje, sem er á vöxtum í útbúinu með sparisjóðskjörum, með 12 vikna fresti. Skal annaðhvort rita uppsögnina í viðskiftabókina eða gefa út auglýsing um hana, er sje birt í því blaði í Reykjavík, er stjórnarvaldauglýsingar skulu birtar í.

Eftir gjalddaga eru engir vextir greiddir af því sem upp er sagt.

38. gr.

Ef eigandi innstæðufjár hvorki leggur inn fje nje tekur út í 15 ár samfleytt, verður hætt að greiða vexti af því, og verður þá með auglýsingu, er birta skal með missiris fyrirvara á þann hátt, sem segir í 36. gr., skorað á eiganda að hirða fjeð. Gefi hann sig ekki fram áður en fresturinn er liðinn, er viðskiftabók hans ógild, en fjeð rennur ásamt vöxtum til útbúsins; þó skal stjóra Landsbankans, ef rjettur eigandi gefur sig fram innan 5 ára, láta greiða honum fjeð að meira eða minna leyti, ef ráðherra leyfir.

39. gr.

Útbússtjórnin ákveður með samþykki Landsbankans, hve háa vexti skuli greiða af innlögðu fje með sparisjóðskjörum. Ef stjórn Landsbankans ákveður lækkun á sparisjóðsvöxtum, skal birta breytinguna í blaði því í Reykjavík, er flytur stjórnarvaldauglýsingar, og að minsta kosti í einhverju öðru blaði þar. Skal vaxtalækkunin ganga í gildi á þeim tíma, er stjórn Landsbankans ákveður.

40. gr.

Mönnum verða eigi gefnar upplýsingar um inneign annara í sparisjóði.

41. gr.

Sá, er tekið hefir alt út úr viðskiftabók sinni, eða hún er útskrifuð, skal skila henni í útbúið, og sje hún útskrifuð, fær hann aðra bók ókeypis, ef hann vill halda viðskiftunum áfram.

12

9. mars

Í stjórnarráði Íslands, 9. mars 1918.

Sigurður Jónsson.

Jón Hermannsson.

Reglugjörð

13

11. mars

**fyrir Skagafjarðarsýslu um hreinsun hunda af bandormum og
aðrar varnir gegn sullaveikinni.**

1. gr.

Alla hunda í sýslunni, 2 mánaða eða eldri, skal hreinsa svo vel sem auðið er af bandormum, eftir leiðarvísi, er sýslunefndin semur. Hreinsun sú fer fram í nóvembermánuði ár hvert. En auk þess getur sýslunefndin fyrirskipað aðra alsherjarhreinsun hunda, þá er henni þykir ástæða til.

2. gr.

Búandi hver og húsráðandi annast um hreinsun hunda á heimili sínu, bæði heimilishunda og flækingshunda, er þar eru staddir á hreinsunardegi, en hefir viðstaddan einhvern afbæjarmann, er geti vitnað um hana.

3. gr.

Sýslunefndin ákveður, hver lyf skuli notuð við hreinsun og sjer um, að gnótt þeirra sje jafnan til hjá hreppstjóra hverjum. Þeir, sem lyfjanna þurfa, vitja þeirra þangað. Andvirði lyfjanna greiðist úr sýslusjóði. Baðlyf útvega hundaeigendur sjálfir á eigin kostnað.

4. gr.

Eftir hverja hundahreinsun samkvæmt 1. gr. skal búandi hver og húsráðandi senda hreppstjóra sínum innan 10 daga skýrslu um hreinsunina, gjörða